

Gengið með Braga Ásgeirssyni um sýningu hans á Kjarvalsstöðum


Texti AB — Myndir eik



Morgunroði: Þessar æskumyndir eru skárri en mér fannst þá ...



Himinleikur: Einnig þá vildu menn ekkert annað en það sem var efst á baugi.



Tunglganga út frá skemmtistaðnum Líló.

geómetrla, þessi listræna flatarmálsfræði með mjúkri hrynjandi, er til orðin löngu áður en svokölluð optísk list komst í tísku.

Eins og sjá má af myndunum hér í kring málaði ég fáar myndir í hreinum geometrískum stíl. Hann átti ekki nógu vel við mig. Þetta var erfiður skóli en lærdómsrlkur — og þótt ég ætti þar ekki vel heima var ég mjög hrifinn af ýmsu sem aðrir gerðu í hans anda.

Í sambandi við þennan tíma: menn voru nokkuð frekir til alhæfinga um skeið. Þetta var svipað og er með konseptlistina í dag: það þykir enginn maður með mönnum meðal ungra listamanna í dag nema hann sé allur í nýlistum. Þeir menn láta heldur ekki sjá sig á venjulegum listsýningum. Sagan endurtekur sig: það var líka langt fyrir neðan virðingu nýlistarmanna í gamla daga að skoða annað en það sem efst var á baugi. Sjálfur reyndi ég að sækja allskonar sýningar, allskonar söfn. Og ég var ekkert hræddur um að týnast í margbreytileikanum — það var ekki meiri hætta á því en að maður kynni að týnast í einhæfninni.

Tunglganga


Þessu næst var numið staðar við mynd frá 1961 sem heitir Tunglganga — af hálfgerðri tilviljun, kannski af því hve feiklega stór hún er. Og það er líka af henni nokkur saga.

— Þessi mynd hékk uppi í skemmtistaðnum Líló, síðar Tónabæ, sagði Bragi. Nafnið, Tunglganga, kemur geimferðum þess tíma ekkert við, öllu heldur var það tengt því, að fólk yfirgaf Líló þegar tungl var á lofti, og kannski minnti það með nokkrum hætti á fullt tungl. Myndin var máluð undir áhrifum frá húsinu sjálfu og því sem þar var að gerast.

Hún fór vel við umhverfið í upphafi, og hefði farið betur ef ekki hefði verið þrengt að henni, fyrst með vinbar, svo með mjólkurbar. Borgin eignaðist myndina þegar hún keypti staðinn af þorvaldi í Síld og fisk. Hún hefur verið lengstaf í geymslu síðan og var




Frelsi handa börnum: Börn eru líka silfur, eðalmálmur, sem fara verður vel með.



Lífstaumar: Barnið hjá Leonardo fæddist tveim öldum á undan tilhugalífi Watteaus.

EILÍF RÖKRÆÐA

um hlutina í kringum okkur



Bragi við eitt málverkanna á sýningunni.

Bragi Ásgeirsson hefur lagt undir sig ganga og báða sali Kjarvalsstaða með stærstu einkasýningu, sem hér hefur sést (að líkindum), myndirnar eru hátt á fjórða hundrað. Þetta er allur hans ferill. Við gengum með honum um sýninguna stundarkorn og létum nokkrar myndir verða dæmi um vissa áfanga á ferli Braga og tilefni til spurninga. Bragi svaraði líka spurningum almenns eðlis eins og þeirri hverskonar áhrif hann gæti búist við að myndlist hefði.

— Við lifum á fjarstýrðum tímum, sagði hann. Menn eru ofurseldir tiskuáhrifum og múgmennsku, fyrir austan haf sem vestan. Einstaklingurinn verður of vélrænn. Myndin getur sprengt þetta ástand og látið fólk fara að hugsa öðruvísi. Til að það nái meira sambandi við mannlíf allt í kring, verði óháðara og sjálfstæðara.

Ég vona að myndlist geti í einhverjum mæli leyst fólk undan því stressi sem allir eru að kvarta yfir. Og sem betur fer hefur sókn fólks á listasöfn vaxið á undanförnum árum. Vegna þess að fólki líður blátt áfram vel innan um listaverk...

Morgunroði

Modelmyndir frá námsárunum í Höfn og Osló eru fyrstar í röðinni: þar á meðal er ein sem hefur selst eftir öll þessi ár — hún heitir Morgunroði (1953). Og við spyrjum: fannst þér ekki meira en nóg til af slíkum myndum þegar þú varst að læra?

Ég hugsaði aldrei þannig. Maður kemst aldrei til botns í svona hlutum. Eg var að læra á litina um þetta leyti og hafði allan hugann við það. Meira grænt í þetta, sagði einn prófessor, meira rautt sagði annar — og ég reyndi að finna mína leið út úr þessu.

Eg hef gaman af að sjá þessar myndir aftur. Sumar hafa verið rúllaðar upp í stranga allar götur frá því ég málaði þær. Þegi hef þær með til að sýna þróunina, til að fólk geti betur áttað sig á því hverskonar myndverkasmiður ég er. Aður fyrr fannst mér þetta bara stúdíur, nú finnast mér þessar myndir persónulegri. Ég er eiginlega ánægðari með þessar æskumyndir nú en þegar ég málaði þær — fjarðlægðin gerir manni auðveldara að dæma um þær.

Himinleikur

Næst nemum við staðar fyrir framan afstraktmálverk frá 1955, hún heitir **Himinleikur**.

Eg var, segir Bragi, að hugsa um hafið þegar ég gerði þessa mynd, sveiflutóna þess — og ég get státað af því, að þessi orðin óhemju skítug, ég er búinn að hreinsa margar mjólkursjeikslettur af henni og svo tyggjó og enn má lengi um bæta...

Frá Tunglgöngu var haldið yfir í austursal Kjarvalsstaða þar sem yngri myndir er að finna — Bragi málaði lítið í um það bil þrjú ár eftir afstrakttíma sinn (1960—63), meðal annars vegna þess hann vantaði vinnustofu. En upp úr því ber, eins og menn þekkja, mikið á upphleyptu formi hjá honum, verkum úr blönduðum efnivið, og verkin sjálf og nafngiftir þeirra benda til síðferðilegs eða heimspekilegs tilgangs.

Frelsi handa börnum heims

Við nemum til dæmis staðar fyrir framan mynd í silfurlit, sem heitir **Frelsi handa börnum heims** (1979), og tökum hana sem dæmi um heilan flokk mynda.

Eg reyni sagði Bragi, eins og best ég get að fylgjast með því sem er að gerast í heiminum og það kemur þá af sjálfu sér að ástandið verður manni umhugsunarefni. Eg vil með þessum verkum vera þátttakandi í því sem er að gerast á minum tíma — án þess að fara með prédikun.

Af hverju ég hefi þessa mynd silfurlita? Til að fá sterkari heildartón. Börn eru líka silfur í sjálfum sér, eðalmálmur sem þarf að fara vel með. Þessi mynd er gerð í tilefni barnaárs eins og fleiri myndir hér inni...

Við töluðum um áhrif myndlistar í samtímanum, eins og að framan greinir. Og Bragi fór að kvarta yfir því, að þegar gestur kæmi á stórar sýningar í álfunni, þá rækist hann á sömu hlutina hvað eftir annað, honum fannst það hefði dregið úr fjölbreytni. Menn reyna, sagði hann, að bæta þetta upp með því að láta hljóð og allt mögulegt fylgja myndlistinni. Æ, ég veit ekki: aldrei sjáum við, að menn komi stormandi með málverk inn átónleika til að bæta upp áhrifin!

Hvað um það, það skemmtilegasta við listina er það að hún er eilíf rökræða um hlutina í kringum okkur. Og maður á að vara sig á að skoða þá menn sem eru á andstæðri koðun sem andstæðinga sína...


Rökræða segirðu, kannski við ættum að lokum að skoða „blandaða" mynd þar sem þú „rökræðir" meðal annars við listamenn úr öðrum tíma?

(Inn á nokkrar myndir slðustu ára hafa verið felldar eftirmyndir af frægum málverkum fyrri tíma)

— Já, lítum til dæmis á þess hér, hún heitir **Lífstaumar** (1978). Hún er um uppsprettur lífsins, um tímavélina: Konan með barnið eftir Leonardo da Vinci er tvisvar öldum eldri en tilhugalífið eftir Watteau fyrir ofan: það er talsvert langur **meðgöngutími** frá tilhugalífinu, og auk þess gengur hann aftur á bak. Til hliðanna eru tvær klukkur: önnur sýnir okkar tíma, hin hvaða tíma sem vera skal, þær sýna semsagt tímana tvenna. Friðrildið uppi í horni er tákn upprunaleikans og hverfulleikans, í miðju er fjöður sem endar í rauðum punkti: sigurverk lífsins. Kannski mætti segja sem svo, að inntak myndarinnar sé mikilvægi lífsins og fafengileiki tímans...

— áb.

á dagskrá



Hrafn Magnússon

Óréttlát lánskjör lífeyrissjóðanna eru síst betri en neikvæð ávöxtun. Til þess að ná innbyrðis jöfnun á lánskjörum sjóðsfélaga þarf hnitmiðaðri stefnu í lánamálum, betri undirbúning og samráð við þá aðila, sem um þessi mál fjalla

Útlánakjör lífeyrissjóða

Eins og kunnugt er, var sú stefna mörkuð með lögum um stjórn efnahagsmála frá 1979 (Ólafslögum), að koma skyldi á verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Í lögunum fólst m.a. að marki verðtryggingar sparifjár og inn- og útlána yrði náð í áföngum fyrir árslok 1980.

Með auglýsingu Seðlabankans frá 29. maí 1979 um verðtryggingu lána utan innlánsstofnana var m.a. lífeyrissjóðum gefinn kostur á þremur ávöxtunarleiðum.

Í fyrsta lagi óbreytt leið með eftirágreiddum hæstu leyfilegu fasteignalánsvöxtum.

Í öðru lagi með lánum, þar sem vextir skiptast í grunnvexti og verðbótaþátt vaxta, þar sem verðbótaþátturinn legðist við höfuðstól lánsins og væri greiddur eftirá á sama hátt og höfuðstóllinn. Og í þriðja lagi með fullri verðtryggingu miðað við lánskjaravísitölu auk allt að 2% ársvöxtum eftirágreiddir, breytilegir samkvæmt ákvörðun Seðlabankans.

Lífeyrissjóðirnir hófust þegar handa að undirbúa ný lánskjör sjóðanna með hliðsjón af framangreindum ávöxtunarleiðum.

Vandamálið var í raun og veru tvíþætt. Annars vegar þurftu einstakir lífeyrissjóðir að taka ákvörðun um ávöxtun á nýjum lánum og hins vegar urðu sjóðirnir að ákveða hvort lántakendum, sem þegar höfðu fengið lán, skyldi gefinn kostur á að semja um ný kjör á eldri lánum í samræmi við hin nýju lánskjör.

Hinn 1. júní 1979 hækkuðu hæstu leyfilegu fasteignalánsvextir úr 26% í 28,5%. Verðbólgustigið var þá metið 41,8% á ári. Vextir útlána lífeyrissjóðanna voru því sem svarar 68% af metnu verðbólgustigi en námu 62% af verðbólgustiginu fyrir breytinguna. Seðlabankinn áformaði að hækka vextina í sjö áföngum eða þar til þeir hefðu náð verðbólgustiginu í árslok 1980. Miðað við óbreytt verðbólgustig áttu t.a.m. fasteignalánsvextir að hækka um 2,5% ársfjórðungslega og verða í október 1980 um 41%.

Eins og áður greinir var lífeyrissjóðunum ennfremur gefinn kostur á að veita lán í formi skuldabréfa gegn fullri verðtryggingu. Seðlabankinn fann upp svokallaða lánskjaravísitölu, sem sett var á 100 hinn 1. júní 1979. Vísitala þessi skyldi reiknuð mánaðarlega og vera samsett að 2/3 af vísitölu framfærslukostnaðar og að 1/3 af vísitölu byggingarkostnaðar. Í röksemdum bankans var m.a. tekið fram, að sveiflur á vísitölum byggingarkostnaðar og framfærslukostnaðar jafnist með þessu móti út í hinni nýju lánskjaravísitölu og ef litið væri yfir langan tíma væri jafnan lítill munur á breytingum þessara þriggja vísitalna.

Við undirbúning að nýjum lánskjörum lífeyrissjóðanna var gengið út frá eftirtöldum forsendum:

1. Hæstu leyfilegir fasteignalánsvextir færu stighækkandi og svipuð hvora leiðina sem hann veldi, þ.e. verðtryggð lán eða lán með hæstu leyfilegu fasteignalánsvöxtum. Greiðslubyrði verðtryggðra lána væri nánast jöfn allan lánstímann, en greiðslubyrði lána með almennum skuldabréfavöxtum væru verulega mikið þyngri fyrstu 5 árin, en færi síðan stiglækkandi.

Fróðlegt er nú að gera sér grein fyrir því, hvort þær forsendur sem forráðamenn lífeyrissjóðanna gáfu sér, hafa breyst.

Það er skoðun greinarhöfundar að svo hafi verið og að viðbrögð

Mánuður 1979	2. taxti Dagsbrúnarsettur á 100	Lánskjaravísitala	Mismunur í %
Júní	100	100	
Júlí	102	103	0.9
Ágúst	102	107	5.9
September	112	113	0.9
Október	112	118	5.4
Nóvember	112	122	8.9
Desember	127	130	2.4
1980			
Janúar	127	135	6.3
Febrúar	127	139	9.4
Marz	135	143	5.9
April	135	147	8.9
Maí	135	153	13.3
Júní	151	160	6.0
Júlí	151	167	10.6
Ágúst	151	172	13.9
September	164	178	8.5
Október	164	183	11.6

næðu að lokum verðbólgustiginu 1. desember 1980.

2. Tímabundnar sveiflur í vísitölum framfærslukostnaðar og byggingarkostnaðar jöfnuðust út í lánskjaravísitölu.
3. Gert var ráð fyrir að árleg hækkun meðaldagvinnulauna verkamanna væri um 2,1% yfir lánskjaravísitölu.

Í samræmi við ofangreindar forsendur náðu forsvarsmenn lífeyrissjóðanna samkomulagi um að heppilegasta leiðin fyrir lífeyrissjóðina og lántakendur þeirra væri að sjóðirnir veittu framvegis verðtryggð lán, þannig að höfuðstóll skuldabréfanna hækkaði í hlutfalli við breytingu á lánskjaravísitölunni. Þar til vextir hefðu náð verðbólgustiginu eða til ársloka 1980 skyldi þó gefa 20% afslátt á hækkun verðbóta og vaxta af verðtryggðum lánum. Með slíkum afslætti næðist jöfnuður í lánskjörum sjóðfélaga, hvort sem þeir greiddu hæstu leyfilegu fasteignalánsvexti eða tækju verðtryggð lán.

Frá og með ársbyrjun 1981 yrði heildargreiðslubyrði lántakanda lífeyrissjóðanna vardandi hin nýju lánskjör hefðu orðið önnur, ef hægt hefði verið að gera sér grein fyrir framþróun mála.

Í stuttu máli hafa framangreindar forsendur breyst, sem hér segir:

1. Hæstu leyfilegu fasteignalánsvextir áttu að ná verðbólgustiginu fyrir árslok 1980.
2. Í september 1979 var verðbólgustigið metið 52,3%. Vextir af almennum skuldabréfum hækkuðu í 32% eða í 61% af verðbólgustigi í stað 68% áður. Heldur jókst því bilið milli raunvaxta og neikvæðrar ávöxtunar frá því sem áður var.
3. Í desember 1979 var verðbólgustigið metið 57% og vextir af almennum skuldabréfum 34,5% eða í 61% af verðbólgustiginu. Framkvæmd raunvaxtastefnunnar virtist því ekki skila neinum árangri.
4. Í marz 1980 áttu vextir að hækka um 3%—5%, en ríkisstjórnin fór fram á það, að vextir yrðu ekki hækkaðir og ákvað Seðlabankinn að engar breytingar yrðu á vöxtum.
5. Í júní 1980 var verðbólgustigið metið til 49% árshækkunar og voru almennir skuldabréfavextir hækkaðir í 38% eða í 76% af verðlgustigi. Heldur virtist því draga saman bilið milli raunvaxta og neikvæðrar ávöxtunar og þurfti nú að brúa þetta bil endanlega í tveimur áföngum.
6. September 1980 voru vextir ekki hækkaðir samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar um frestun á framkvæmd lánskjarastefnunnar.

Verðbólgustigið var þá metið til 52% árshækkunar og þurftu vextir af almennum skuldabréfum að hækka um 7% í þeim áfanga. Vextir þurfa því að hækka um 14% 1. desember n.k. til þess að ná raunvöxtum miðað við óbreytt verðbólgustig. Um slíka hækkun vaxta verður að sjálfsögðu ekki að ræða þá og er því ljóst að þær forsendur, sem við var stuðst um framkvæmd raunvaxtastefnunnar hafa brugðist.

2. Á undanförnum mánuðum hefur framfærsluvísitalan hækkað til mikilla muna meira en byggingavísitalan. Þar sem hækkun vísitölu framfærslukostnaðar er metin að tveimur þriðju hlutum í lánskjaravísitölunni verður varla sagt með sanngirni að uppbygging lánskjaravísitölunnar jafni út verulegar sveiflur í framfærsluvísitölunni. Lánskjaravísitalan hefur því hækkað mun meira en byggingavísitalan og er sá munur óréttlátur og óeðlilegur. Mismunurinn er 3,3% á ársgrundvelli í þessum mánuði.
3. Meðaldagvinnulaun verkamanna hafa hækkað mun minna en lánskjaravísitalan, en við mat á greiðslubyrði verðtryggðra lána hefur alltaf verið gert ráð fyrir að kaup hækkaði hlutfallslega meira en lánskjaravísitalan. Í þessum mánuði (fyrir kjarasamninga) er lánskjaravísitalan 11,6% hærri en 2. taxti Dagsbrúnar, sbr. meðfylgjandi yfirlit.

(Sjá töflu):

Miðað við óbreyttar forsendur er full þörf á því að lífeyrissjóðirnir endurskoði fyrri ákvarðanir sínar um breytt lánskjör.

Sjálfsagt er að allir lántakendur sjóðanna sitji við sama borð, en svo er alls ekki nú, þrátt fyrir 20% afslátt, sem nú er almennt gefinn af verðtryggðum lánum sjóðanna.

Framkvæmd vaxtastefnu og verðtryggingaákvæða laganna um stjórn efnahagsmála o.fl. frá 1979 hefur gjörsamlega farið úr böndunum, auk þess sem lánskjaravísitalan hefur hækkað langt umfram viðmiðunarkauptaxta. Auðvitað verður að tryggja fjármagn lífeyrissjóðanna á tímum óðaverðbólgu. Til þess að hægt sé að feta sig á þeirri braut verða allar forsendur og spár að vera nær raunveruleikanum en gert var ráð fyrir. Óréttlát lánskjör lífeyrissjóðanna eru síst betri en neikvæð ávöxtun. Til þess að ná innbyrðis jöfnuði á lánskjörum sjóðfélaga þarf hnitmiðaðri stefnu í lánamálum betri undirbúning og samráð við þá aðila, sem um þessi mál fjalla.

20. október.

Hrafn Magnússon.

Kvikmyndasafn Íslands

Kvikmyndasafni Íslands hafa borist sögulega verðmætar kvikmyndir frá Íslandi, sem varðveist hafa vestan hafs. Hér er um gjafir til íslensku þjóðarinnar að ræða, sem mikilll fengur er að. Gefendur eru Harald V. Johnson, Vestur-Íslendingur búsettur í Washington, og ættingjar séra Steingríms Octavíusar Þorlákssonar, en hann var konsúll Íslands í San Fransisco í 25 ár. Hann er nú látinn.

Harald V. Johnson ákvað að gefa kvikmynd, sem hann tók á Alþingishátíðinni í tilefni af því að á þessu ári eru liðin 50 ár frá því að hátíðin var haldin. Í þessu skyni hafði hann samband við þáverandi forseta Íslands, dr. Kristján Eldjárn. Forsetinn þáði boðið um gjöfina með þökkum og lagði jafnframt til að myndinni yrði komið í varðveislu Kvikmyndasafnsins. Annaðist forseti síðan milligöngu í málinu og kom filman til landins nokkru eftir að dr. Kristján lét af embætti. Eftir því sem nú er best vitað eru aðeins til 2 kvikmyndir frá þessum merka atburði í lífi þjóðarinnar, en það eru Alþingishátíðarkvikmyndir, sem Árni Helgason, ræðismaður, og Frakkar tóku. Loftur Guðmundsson tók kvikmynd á hátíðinni, sem nú er talið að sé glötuð. Mikill fengur er því að kvikmynd Harald V. Johnson. Kvikmynd hans hefur það sér til ágætis að vera að nokkru leyti lýsing á för Vestur-Íslendinga á hátíðina frá því að lagt er af stað frá Vesturströndinni með járnbraut. Auk myndanna frá sjálfri hátíðinni hefur þessi kvikmynd að geyma athyglisverðar myndir frá Reykjavík og öðrum stöðum á Íslandi.

Fyrir milligöngu Önnu Snorradóttur hefur Kvikmyndasafn Íslands veitt viðtöku Íslandskvikmynd Lofts Guðmundssonar, sem frumsýnd var 2. mars 1948 og stuttri kvikmynd, sem Vestur-Íslendingur tók hér á landi árið 1947 á leið til æskustöðvanna. Í kvikmynd Lofts, sem er um 80 mínútur að lengd eru m.a. kaflar um síldveiði og af Heklugosi 1947. Í Heklugoskaflanum bregður fyrir myndum af fjölda flugvéla, sem hefja sig til flugs af Reykjavíkurflugvelli á leið til gosstöðvanna. Í kvikmynd Vestur-Íslendingsins eru prýðisgóðar myndir frá Heklueldum.

Þess má geta í þessu sambandi, að hér á Íslandi hefur varðveist fréttamynd frá atburði sem átti sér stað vestan hafs árið 1911 og snertir okkur Íslendinga, vegna þess að þá var afhjúpuð stytta Jóns Sigurðssonar í Winnipeg. Kvikmyndin, sem er frá Pathé News sýnir þennan atburð. Stefnía Guðmundsóttir, leikkona, var þá í leikför vestan hafs ásamt fleiri Íslendingum og kom það í hennar hlut að afhjúpa styttuna. Dóttursonar Stefaníu, Gunnar Borg, hefur varðveitt filmu ömmu sinnar síðan hann var smástrákur. Hann hefur nú afhent Kvikmyndasafni Íslands filmuna til varðveislu og geymslu í framtíðinni.